

A 1733/tillväxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Þingmannatillaga  
um að koma á fót landsbundnum ráðgjafarnefndum um  
stjórnsýsluhindranir****Tillögur**

Finnnska landsdeildin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að þær komi á fót landsbundnum ráðgjafarnefndum um stjórnsýsluhindranir í því skyni að skipuleggja markvisst starf að afnámi stjórnsýsluhindrana í löndunum. Einnig er lagt til að ráðgjafarnefndum verði komið á fót á Álandseyjum, í Færeyjum og á Grænlandi.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að þær komi á fót landsbundnum ráðgjafarnefndum um stjórnsýsluhindranir í því skyni að skipuleggja markvisst starf að afnámi stjórnsýsluhindrana í löndunum. Einnig er lagt til að ráðgjafarnefndum verði komið á fót á Álandseyjum, í Færeyjum og á Grænlandi.

**Forsaga**

Afnám stjórnsýsluhindrana er ofarlega á pólitískri dagskrá í norrænu samstarfi. Hreyfanleiki innan Norðurlanda er mikilvægur og nátengdur hagvexti og auknu atvinnustigi. Stjórnsýsluhindranastarfið beinist að þremur þáttum: að afnema þær stjórnsýsluhindranir sem eru til staðar, koma í veg fyrir að nýjar myndist og miðla upplýsingum um gildandi lög og reglur. Flestar þeirra stjórnsýsluhindrana sem torvela einstaklingum og fyrirtækjum för yfir landamæri á Norðurlöndum hafa verið greindar og vinnur fjöldi aðila að því að afnema eins margar þeirra og hægt er. Stjórnsýsluhindranaráðið er helsti vettvangur þessa í norrænu samstarfi.

Skilvirkt starf að afnámi stjórnsýsluhindrana er undir því komið að skipulagið sé skilvirkt. Ráðgjafarnefnd Norræna félagsins í Finnlandi hefur sérhæft sig í afnámi norrænna stjórnsýsluhindrana. Ráðgjafarnefndin heldur utan um undirbúningsfundi innanlands fyrir fundi í norræna stjórnsýsluhindranaráðinu. Nefndin kemur saman þrisvar til fjórum sinnum á ári, ávallt nokkrum vikum fyrir fundi stjórnsýsluhindranaráðsins. Ráðgjafarnefndin ræðir á breiðum grundvelli þær stjórnsýsluhindranir sem komið hafa upp innan stjórnsýslunnar og ráðuneyta og býr fulltrúa Finnlands undir fundi stjórnsýsluhindranaráðsins. Helstu verkefni nefndarinnar felast í að miðla upplýsingum, greina stjórnsýsluhindranir á frumstigi og



greina frá þeim.

Í nefndinni sitja fulltrúar stjórnsýsluhindranaráðsins, finnska þjóðþingsins, utanríkisráðuneytisins, landamæraþjónustunnar á Norðurkollu, vinnumála- og atvinnulífsráðuneytisins, félags- og heilbrigðisráðuneytisins, dómsmálaráðuneytisins, skattayfirvalda, almannatrygginga- og lífeyrisstofnana, menntamálayfirvalda, þjóðskrár og Halló Norðurlanda, upplýsingaþjónustu Norrænu ráðherranefndarinnar í Finnlandi. Ráðgjafarnefndin er einstök í sinni röð á Norðurlöndum og á vettvangi hennar eiga sér stað mikilvæg upplýsingaskipti.

Starf ráðgjafarnefndarinnar hefur gefið góða raun og gæti það nýst sem fyrirmynd fyrir skipulegt starf að afnámi stjórnsýsluhindrana víðar á Norðurlöndum, einnig á Álandseyjum, í Færeyjum og á Grænlandi.

Helsinki, 6. júlí 2017

*Anna-Maja Henriksson (sv)*

*Arto Pirttilahti (cent)*

*Britt Lundberg (ÅC)*

*Elsi Katainen (cent)*

*Erkki Tuomioja (sd)*

*Hanna Kosonen (cent)*

*Johanna Karimäki (gröna)*

*Juhana Vartiainen (saml)*

*Juho Eerola (saf)*

*Katri Kulmuni (cent)*

*Laura Huhtasaari (saf)*

*Maarit Feldt-Ranta (sd)*

*Mika Raatikainen (saf)*

*Mikael Staffas (Lib)*

*Mikko Kärnä (cent)*

*Paavo Arhinmäki (vänst)*

*Simon Elo (saf)*

*Susanna Koski (saml)*

*Wille Rydman (saml)*

*Ville Skinnari (sd)*